

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 30. mars. 2020 til íbúaráðs Grafarvogs.**

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfði, austurhluti birtist í Fréttablaðinu á morgunn. Tillagan er í kynningu frá 31. mars 2020 til og með 12. maí 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð. <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/artunshofdi-austurhluti>

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. mars 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 12. mars 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi "Ártúnshöfði - Eystri" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **31. mars 2020 til og með 12. maí 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 12. maí 2020. Vinsamlegast notið uppgið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,  
Þuríður Guðmundsdóttir  
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík  
Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)